

Fundargerð stjórnar Almannaheilla, 21. apríl 2021 kl. 9.00

Jónas Guðmundsson formaður setti fund og stýrði honum, fundurinn var haldinn í Urriðaholti og var einnig rafrænn fyrir þau sem það kusu.

Mætt: Jónas Guðmundsson, Guðrún Helga Bjarnadóttir, Guðlaug Birna Guðjónsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Hrannar Björn Arnarsson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ómar Kristmundsson, Árni Einarsson, Vilmundur Gíslason, Jana Víglundsdóttir og Hildur Helga Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Frumvarp til laga um skattabreytingar, m.a. almannaheillsamtökum til góða, var samþykkt í þinginu í gær og tekur það gildi 1. nóvember nk. Meðal þess sem skiptir miklu máli fyrir félagasamtök er að einstaklingar geta gefið allt að kr. 350.000 til félagasamtaka og fá þá upphæð dregna frá skattstofni sínum, þá hækkar það hlutfall sem félög meiga gefa og nýta sem frádrátt til skatts um helming. Enn er óljóst hvort upphæðir gilda í hlutfallinu 2/12 eða í heild sinni fyrir árið 2021. Athuga þarf það áður en málið verður kynnt og einnig hvaða aðgerða félagasamtök þurfa að grípa til/uppfylla svo upplýsingar frá þeim verði teknar gildar hjá Skattinum.
Vonast er til að frumvarp um félög til almannaheilla nái fram að ganga nú í vor, Jónas og Ómar fóru í gær fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sem er að afgreiða frumvarpið frá sér til lokaafgreiðslu í þinginu.
Frumvarp um nýsköpun var einnig samþykkt sem lög frá Alþingi í gær, eftir er að semja reglugerð með frumvarpinu, vonast er til að hægt verði að hafa áhrif á hana með hagsmuni almannaheillasamtaka að leiðarljósi.
3. Staðfesting aðildarfélaga: Aðildarumsóknir eftirtalinna félaga í Almannaheill voru samþykktar: KFUM og K, Hannesarholt og Bien Iceland.
4. Féлагаöflun: Stjórnarmeðlimir hafa þegar sent Jönu upplýsingar um ca. 30 félög til að bjóða aðild að Almannaheillum, Jana hefur sent upplýsingar um aðild að Almannaheillum til félaganna og er það nú til umfjöllunar hjá stjórnnum þeirra. Kynningaradgerðir ræddar og ákveðið að hafa samband við enn fleiri félög og kynna starfssemi Almannaheilla sem og til þeirra félaga sem sýnt hafa áhuga einhverntíma áður. Athuga með aðild þeirra félaga sem nú eru á ”hold” eða hafa hætt.
5. Rekstraráætlun frestað til næsta fundar



6. Aðildargjöld hækka en þau hafa staðið í stað mjög lengi, þrepin þrjú verða kr. 150.000 miðað við ársveltu yfir kr.100 milljónir, kr. 75.000 miðað við ársveltu milli 50 og 100 milljónir og kr. 30.000 miðað við ársveltu undir 50 milljónum. Jana mun kalla eftir upplýsingum úr ársreikningum félaganna fyrir útsendingar árgjaldanna.
7. Aðalfundur: Stefnt er að því að halda aðalfundinn í Urriðaholtsstræti 3. júní nk. Guðlaug mun sjá um veitingar á aðalfundi eins og öll undanfarin ár, fundarstjóri verður Bryndís Snæbjörnsdóttir, tillaga um Þóru Þórarinsdóttur sem fundarritara.
Rekstraráætlunin verður kynnt á aðalfundinum.
Ákveðið að hefja fundinn með innleggjum gesta um málefni Almannaheilla:
Skattafrumvarpið: formaður talar við Willum Þór Þórsson
Fund Fólksins: Ásdís Eva Hannesdóttir
Samfélagsleg nýsköpun: Ómar Kristmundsson
Siðareglur: Jón Ólafsson
Nánar ákveðið á næsta stjórnarfundum.
8. Siðareglur: Jón Ólafsson vinnur með stjórnarmeðlimun að nýjum siðareglum fyrir Almannaheill. Ákveðið að kynna vinnuna og ákveða málsmeðferðina á aðalfundinum. T.d. væri mögulegt að hafa málstofu um siðareglur í haust og fá aðildarfélögin að borðinu.
9. Lagabreytingar, engar tillögur hafa borist, stjórn mun ekki leggja fram tillögu að lagabreytingum fyrir en á aðalfundi að ári og þá varðandi siðareglur.
10. Norrænt samstarf: Almannaheill hefur fengið boð um aðild að nýjum norrænum samtökum um borgarasamfélag. Valin verða 40 samtök af norðurlöndunum öllum og sjálfstjórnarsvæðunum til að taka þátt í samstarfinu.
Um er að ræða samstarf við Norrænu ráðherranefndina um áherslur hennar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fram að 2030.
Haldinn verður Norrænn leiðtogafundur í tengslum við 73. þing Norðurlandaráðs sem fram fer í Kaupmannahöfn í haust. Liður í undirbúningi þess fundar verða hringborðsumræður íslensku þátttökusamtakanna sem fara fram 18. maí nk. hér á landi.
Samþykkt að taka þátt í samstarfinu.
11. Önnur mál: Rafrænir fundir framundan með Vaxandi:
Fundur um skattalagafrumvarpið, fá fjármálaráðherra og skattstjóra á þann fund.
Formleg opnun í Urriðaholti bíður betri tíma vegna stöðu sóttvarnarmála.
Undirbúningur að Fundi fólksins sem verður í Norræna húsinu í haust gengur vel, fundurinn verður samhliða Lýðræðishátíð unga fólksins sem er áhersluatriði í ár.
Frankvæmdin er á höndum Norræna félagsins í samvinnu við Reykjavíkurborg skv. samningi við Almannaheill. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 12. maí nk.

12. Fundi slitið kl. 10.30